

LÖGMANNABLAÐIÐ

16. árgangur | október | 3/2010



Landsdómur
í nágranna-
ríkjunum



Námsferð til
Tallinn



Lögmenn á
landsbyggðinni



Lögmannafélag
Íslands



Efnisyfirlit

Af vettvangi félagsins

Katrín Helga Hallgrímsdóttir: Frá ritstjóra	4
Brynjar Níelsson: Pistill formanns	21
Eyrún Ingadóttir: Fréttir frá félagsdeild	28

Umfjöllun

Eyrún Ingadóttir: Lögmenn á landsbyggðinni	6
Viðtal við Helga Bragason: Með útibú í Reykjavík	7
Viðtal við Tryggva Guðmundsson: Höfum enga „kjötkatla“ hér fyrir vestan	8
Viðtal við Sigríði Kristinsdóttur: Meira návígi í litlu samfélagi	9
Viðtal við Gísla M. Auðbergsson: Stærstu málin koma ekki í sveitina	10
Ingvi Snær Einarsson: Ástæðulaus dráttur á svari	11
Niðurstaða Evrópudómstólsins í Akzo Nobel málinu	22
Viðtal við Sigríði Þorgeirsdóttur: LOGOS í hópi fyrirmyndarfyrirtækja	26

Aðsent efni

Bryndís Hlökkversdóttir: Meðferð mála vegna embættisbrota ráðherra í Danmörku, Noregi og Svíþjóð	12
Antoine Jean-Fernand Victor Lochet: Franski lýðveldisdómurinn	14
Christiane L. Bahner: Ráðherraábyrgð í Þýskalandi	16

Á léttum nótum

Námsferð til Tallinn	18
Af Merði lögmanni	23
Kjarnakonur í FKL	25
Golfsumar í mót- og meðvindi	30
Úr myndasafni: Nú gengr maðr til leiks ...	31

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
Katrín Helga Hallgrímsdóttir

BLAÐAMAÐUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Brynjar Níelsson hrl., formaður
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl,
varaformaður
Jónas Þór Guðmundsson hrl, ritari
Ólafur Eiríksson hrl., gjaldkeri
Hörður Felix Harðarson hrl.,
meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:
Í haust fór félagsdeild LMFÍ til Tallinnar
í Eistlandi. Ljósmynd: El og ÁBV.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440.
ISSN 1670-2689



Með lögum skal land byggja.
Okkar hlutverk er að tryggja.

Tryggingar fyrir lögmenn

Starfsemi lögmanna er mjög margbætt og váttryggingabörfin fjölbreytt. VÍS býður lögbundna starfsábyrgðartryggingu auk annarra trygginga sem hæfa starfsemi lögmanna. Einnig býður VÍS fjölbreytt úrval trygginga fyrir einstaklinga og hvers kyns fyrirtæki.

Pú færð nánari upplýsingar á næstu þjónustuskrifstofu eða hjá fyrirtækjþjónustu VÍS í síma 560 5000.



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, hdl.

Landsdómur

Ég tók að mér ritstjórn þessa tölublaðs Lögmannablaðsins, þess fyrsta eftir að Landsdómur var kallaður saman í fyrsta skipti. Ekki þótti við hæfi að Borgar Þór Einarsson ritstýrði blaðinu vegna tengsla hans við Geir H. Haarde.

Í blaðinu eru þrjár greinar sem fjalla allar um lagaumhverfi nágrannaþjóða okkar varðandi ráðherraábyrgð og sérdómstóla til að taka á afbrotum ráðherra í starfi. Bryndís Hlöðversdóttir, forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst, fjallar um dómstóla sambærilega Landsdómi í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Antoine Lochet hdl., franskur lögfræðingur, fjallar um

slíka dómstóla samkvæmt frönskum rétti og Christiane L. Bahner hdl., þýskur lögfræðingur, segir frá þýskum rétti um sama efni.

Fram til þessa hefur Landsdómur fengið litla athygli innan lögfræðinnar hér á landi enda hafði hann aldrei verið kallaður saman. Líklegt er að margt muni verða ritað og rætt um Landsdóm, innan sem utan lögfræðinnar, á næstu árum og má telja víst í því sambandi að rætt verði um að hvaða leyti nauðsynlegt sé að breyta lögum um Landsdóm til að færa þau nær nútímanum. Við þá umræðu er eðlilegt að líta til þess hvernig nágranna-

þjóðir okkar haga sínum málum, hvað má læra af þeim og hvaða víti ber að varast. Þær greinar sem hér birtast verða vonandi innlegg í þá umræðu.

Greiðsla árgjalda til LMFÍ fyrir yfirstandandi ár

Greiðsluseðlar vegna árgjalds til Lögmannafélags Íslands og félagsdeildar LMFÍ fyrir yfirstandandi ár voru sendir félagsmönnum í maí s.l., með gjalddaga 1. júní og eindaga 14. júní. Þeir lögmenn, sem enn hafa ekki gengið frá greiðslu árgjaldsins eru hvattir til að greiða það hið fyrsta. Einnig eru þeir félagsmenn sem skulda eldri árgjöld hvattir til að ganga frá greiðslu án tafar en allar ógreiddar gjaldfallnar árgjaldsskuldir verða sendar í lögfræðinnheimtu innan tíðar.



Inga Þórisdóttir

Viðskiptastjóri Ármúla

F. Ión / SÍA

Íslendingar velja **MP** banka

Við erum stolt af niðurstöðum könnunar sem sýnir að MP banki er fyrsti valkostur Íslendinga þegar kemur að bankaviðskiptum.* Við erum staðráðin í að standa undir þessu trausti og halda forskotinu áfram með framúrskarandi þjónustu bæði í útibúum, þjónustuveri og á netinu.

Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki. Þannig á banki að vera.

- Debetkort
- Launareikningur
- Kreditkort
- Netbanki
- Netgreiðsluþjónusta
- Gjaldeyrisreikningar
- Sparnaðarreikningar
- Yfirdráttarlán


Hafðu samband í síma 540 3200, á www.mp.is eða komdu í heimsókn í útibú okkar. Við tökum vel á móti þér.

*Heimild: Frétt Viðskiptablaðsins, 16. júní 2010.



BANKI

Lögmenn á landsbyggðinni



Af 68 lögmönnum á landsbyggðinni eru 54 starfandi lögmenn og 14 innanhúslögmenn.

Lögmenn á landsbyggðinni

Lögmenn á landsbyggðinni eru fámennur hópur innan Lögmannafélags Íslands en aðeins 68 af 850 félagsmönnum starfa utan höfuðborgarsvæðisins, eða 8%. Til samanburðar má geta þess að 37% landsmanna búa á landsbyggðinni en væri fjöldi lögmanna í sama hlutfalli ættu 314 lögmenn að starfa á landsbyggðinni.

Einyrkjar á undanhaldi?


Undanfarin ár hafa lögmenn í auknum mæli farið í samstarf, ýmist undir regnhlíf eða sameinað lögmansstofur sínar, og lögmenn úti á landi eru þar engin undantekning. Þegar samsetning þeirra er skoðuð þá kemur í ljós að aðeins 22 af 54 lögmönnum á lögmansstofum eru einrykjar en 32 eru starfandi á lögmansstofum með fleiri lögmönnum.

Hvað segja lögmenn á landsbyggðinni sjálfir um störf sín? Finna þeir fyrir faglegri einangrun og sinna þeir annars konar verkefnum en lögmenn á höfuðborgarsvæðinu? Lögmannablaðið ræddi við nokkra lögmenn sem búa og starfa á landsbyggðinni.

EI


Hlutfall lögmanna á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni

■ Lögmenn á höfuðborgarsvæðinu ■ Lögmenn á landsbyggðinni



Hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni

■ Íbúar á höfuðborgarsvæðinu ■ Íbúar á landsbyggðinni



Með útibú í Reykjavík



Ljósmynd: Óskar Pétur Friðriksson.

Helgi Bragason hdl. er mikill golfari og það er stutt á völlinn í Eyjum.

Helgi Bragason hdl. hjá Lögmannsstofu Vestmannaeyja er fæddur og uppalinn í Eyjum og stoppaði stutt á meginlandinu að loknu námi:

„Fyrst eftir útskrift úr lagadeild árið 1997 starfaði ég hjá sýslumanni hér í Eyjum en svo vann ég í nokkra mánuði hjá Héraðsdómi Reykjaness. Árið 2000 fór ég að starfa með Jóhanni Péturssyni hdl. á Lögmannsstofu Vestmannaeyja og við höfum rekið stofuna saman síðan.“

Hefur þú alltaf starfað sem lögmaður í Vestmannaeyjum?

„Nei, ég tók MBA nám fyrir nokkrum árum og var þá með starfsaðstöðu í Reykjavík. Svo höfum við verið með skrifstofu í Reykjavík síðastliðin í tvö ár.“

Af hverju rekið þið einnig stofu í Reykjavík?

„Við getum þá sinnt betur þeim skjólstæðingum sem við erum með og svo höfum við einnig fengið verkefni út

á að vera með starfsstöð í bænum. Það eru alltaf einhver af mál sem við þurfum að reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Við erum með fulltrúa í bænum en ég fer reglulega þangað og Jóhann er búinn að vera þar mikið síðustu misseri.“

Er munur á því að vera með lögmannsstofu úti á landi eða í Reykjavík?

„Það verður minni sérhæfing á ákveðnum sviðum úti á landi en verkefni eru fjölbreyttari. Við rekum til dæmis fasteignasölu og erum mikið í slysamálum. Einnig sinnum við sífamálum, dánarbúskiptum, þrotabúskiptum, innheimtum, verkefnum fyrir bæjarfélagið og almennri lögmannsþjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga.“

Hefur orðið breyting á verkefnum sl. 2 ár?

„Já, það er búið að vera mjög mikið að gera við að sinna verkefnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem m.a. eru afleiðingar af hruni fjármálakerfisins.“

Finnur þú fyrir „faglegri“ einangrun?

„Það er alltaf einhver hætta á því og við höfum verið vel meðvitaðir um það. Til dæmis höfum við sótt reglulega námskeið í faginu. Nú deilum við skrifstofu með öðrum lögmönnum og höfum fundið það styrkja okkur. Svo hringir maður oft í félagana ef eitthvað er.“

Eru allir skjólstæðingar þínir af svæðinu?

„Að mestu leyti eru fyrirtæki og einstaklingar sem við sinnum héðan eða tengdir Eyjum. Reyndar erum við komnir með meira af verkefnum af höfuðborgarsvæðinu eftir að við opnuðum skrifstofuna þar.“

Finnur þú fyrir harðnandi samkeppni?

„Nei, ég finn ekki fyrir harðri samkeppni hjá lögmönnum. Innheimtufyrirtækin hafa verið að reyna að sækja á okkar markað en við finnum ekkert fyrir því enn sem komið er.“

EI



Ljósmynd: Guðmundur Óli Tryggvason.

Höfum enga „kjötkatla“ hér fyrir vestan

Tryggvi Guðmundsson hdl. segir það forréttindi landsbyggðarfólks að stutt sé í útivistina.

Tryggvi Guðmundsson hdl. hefur búið í 35 ár á Ísafirði en sem stendur er hann eini lögmaðurinn sem starfar á Ísafirði og raunar á öllum Vestfjörðum.

Að lokinni útskrift starfaði hann um nokkurra mánaða skeið hjá sýslumanninum á Patreksfirði, dvaldi við framhaldsnám í Svíþjóð í eitt ár og fór svo heim til Ísafjarðar.

„Ég byrjaði á að kenna við gagnfræðaskólann og Menntaskólann á Ísafirði ásamt því að sinna lögfræðistörfum í hjáverkum í tvö ár. Svo fór ég alfarið í lögmennskuna.“

Af hverju fluttir þú vestur?

„Ég er fæddur á Ísafirði og ættaður af Hornströndum og hef alltaf verið bundinn mínum átthögum. Aðal áhugamál mín eru auk þess tengd alls konar útivist. Það eru til dæmis mikil forréttindi landsbyggðarfólks að þurfa ekki að fara nema fimm til tíu mínútur til að vera komin í golf eða á skíði.“

Hvaða réttarsviði sinnir þú mest?

„Til að byrja með var ég mikið í innheimtu og stofnaði einnig fasteignasölu.

Málflutningur var meira svona tilfallandi. Á seinni árum hef ég unnið töluvert sem skiptastjóri í þrotabúum. Árið 2006 gekk ég til liðs við Pacta og Lögheimtuna og þá breyttist mitt verksvið meira í almenn lögfræðistörf. Sonur minn kom þá inn í fasteignasöluna og sér um hana að mestu.“

Finnur þú fyrir „faglegrí“ einangrun?

„Ég hef fundið fyrir henni í gegnum tíðina en það breyttist töluvert þegar ég fór í samstarf með Pacta. Við erum í góðu sambandi í gegnum netið og þar tilheyrir maður stórum hópi góðra féлага.“

Eru allir skjólstæðingar þínir af svæðinu?

„Að lang mestu leyti eru þeir það nema í undantekninga tilvikum.“

Lengi vel voru þír lögmennt á Ísafirði en nú ert þú einn eftir. Er nóg að gera?

„Ég þarf ekki að kvarta yfir því að geta ekki nýtt tímann. Hitt er annað að í dag veigra menn sér við að fara út í kostnað-

arsama lögmannsþjónustu. Það eru minni peningar í umferð og við höfum enga „kjötkatla“ hér fyrir vestan.“

Finnur þú fyrir samkeppni?

„Það hefur í gegnum tíðina alltaf verið töluvert um að lögmannsstofur fyrir sunnan séu að vinna fyrir skjólstæðinga hérna. Lögmenn hér hafa alla tíð verið einyrkjar og sum verkefni voru of viðamikil fyrir okkur. Það er nú orðið breytt þar sem ég hef nú stóran hóp lögmanna á bak við mig. Það hefur hins vegar sína kosti og kostar minna fyrir kúnnann að hafa lögmanninn á staðnum. Það er engin bullandi samkeppni hér sem maður hefur áhyggjur af enda er ég í góðu sambandi við flestar lögmannsstofur landsins og sinni mætingum fyrir þær eftir bestu getu.“

El

Meira návígi í litlu samfélagi



Sigríður Kristinsdóttir hdl. fannst hún komin í nýtt starf þegar hún stofnaði Regula ásamt fleiri landsbyggðarlögmönnum.

Sigríður Kristinsdóttir hdl. hjá Regula lögmansstofu hefur starfað á Höfn í Hornafirði í 21 ár.

„Ég kom hingað strax eftir útskrift úr lagadeild árið 1989 en hafði unnið með náminu hjá sýslumanninum í Reykjavík og Hafnarfirði. Það var engin staða laus hjá sýslumanninum á Höfn svo ég stofnaði lögfræðistofu.“

Var ekki svolítið mál að stofna lögfræðistofu nýútskrifuð?

„Maður er svo áráðinn þegar maður er ungur. Ég fékk gamalt skrifborð frá pabba, ritvél, síma og tölvu. Svo hóf ég störf. Það var uppgangur á Hornafirði og ég fékkst aðallega við fasteignasölu og skjalagerð í upphafi en ég náði mér síðan í réttindi sem löggiltur fasteignasali. Svo tók sveitarfélagið vel á móti mér og keypti strax þjónustu. Ég var hins vegar ekki með neitt bakland að öðru leyti en því að ég átti frænda í lögmennsku sem ég gat hringt í þegar á þurfti. Ég var ekki með stofu árin 1990-1994 þegar ég starfaði hjá sýslumanninum á Höfn en þá hóf ég störf sem lögmaður á eigin lögmansstofu. Hana rak ég þar til við tókum okkur til, þrír einyrkjar á Höfn, Egilsstöðum og Húsavík, og stofnuðum lögmansstofuna Regula árið 2003.“

Hvernig kom það til að þið stofnuðuð lögmansstofu með starfsstöðvar á þremur stöðum á landinu?

„Það er einmana að vera einyrki og við vorum öll komin í þá stöðu að vanta faglegan stuðning. Árið 2003 urðu tæknilegar breytingar þannig að við gátum unnið á sama „server“ og með sameiginlegt símkerfi, ég hér á Höfn, Berglind Svavarsdóttir á Húsavík og Hilmar Gunnlaugsson á Egilsstöðum.“

Breytti þetta miklu?

„Já, mér fannst ég vera komin í nýja vinnu. Stofan hefur gengið mjög vel og stækkað en nú eru sex lögmenn eigendur að Regula og við komin með starfsstöð í Reykjavík. Öll innheimtumál fóru til mín þar sem ég var með stærstu innheimtuna fyrir en svo hafa komið stærri verkefni til stofunnar sem hefðu ekki komið til mín sem einyrkja á Höfn. Það er mikil áskorun.“

Eru verkefni þín annars konar en lögmanna sem starfa á höfuðborgarsvæðinu?

„Mín verkefni þróuðust þannig í upphafi að sinna fasteignasölu og skjalagerð. Síðan var ég komin með innheimtudeild og með samninga við

stóra aðila í sveitarfélaginu. Ég held að þetta séu svipuð verkefni og margir einyrkjar í Reykjavík sinna.“

Hvaða réttarsviði sinnir þú mest?

„Auk þeirra sem fyrr eru nefnd hefur sífjarétturinn verið að aukast og aðstoð í greiðsluferðileikum. Ég hef einnig verið í skiptastjórn og verjenda-störfum.“

Nú búa rúmlega 2000 manns í sveitarfélaginu Hornafirði. Hvernig er að vera lögmaður í svo litlu samfélagi?

„Það er auðvitað meira návígi við þá sem kaupa þjónustuna en ég ber Hornfirðingum góða sögu. Þeir gera greinarmun á mér sem lögmanni og persónu. Maður má ekki gefa færi á sér t.d. þegar maður er að skemmta sér og ég býð ekki upp á umræðu um mál þegar ég er ekki í vinnunni.“

El

Ljósmynd: Pólinn.



Stærstu málin koma ekki í sveitina

Gísli M. Auðbergsson á leið í uppboðsferð en talsverð gróska er í þeim málaflokki.

Gísli M. Auðbergsson hdl. í Fjarðabyggð hefur stundað lögmenntu frá því hann útskrifaðist úr lögfræði árið 1992. Hann er fæddur og uppalinn á Eskifirði og segir það hafa komið af sjálfu sér að flytja þangað að loknu námi.

„Ég var fulltrúi á lögmannsstofu hér fyrir austan til 1995 er ég stofnaði eigin lögmannsstofu.“

Telur þú að það sé munur á verkefnum þínum og lögmannna sem starfa á höfuðborgarsvæðinu?

„Já, ég held að þau séu fjölbreyttari. Á móti þá vantar inn stærstu málin, þau koma ekki til okkar hér í sveitinni.“

Eru allir skjólstaðingar þínir af svæðinu?

„Já, flestir en þó alls ekki allir.“

Hvaða réttarsviði sinnir þú mest?

„Í raun og veru öllum. Ég hef verið talsvert í sakamálum en svo hef ég haft stjórnisýslurétt og eignarétt sem áhugasvið og hef lagt mikið upp úr þeim.“

Finnur þú fyrir „faglegri“ einangrun?

„Já, maður þarf að passa sig á henni. Ég hef reynt að sækja fyrirlestra og námskeið eins og kostur er. Svo hef ég einnig haft gaman af að fá mál annars staðar af landinu upp á fjölbreytnina og til að hitta fleiri lögmennt og dómara.“

Hafa verkefnið breyst á síðustu tveimur árum?

„Nei, samsetning er sú sama en það eru miklu minni peningar í umferð og kunnarnir halda að sé höndum varðandi lögfræðikostnað. Það gengur einnig verr að innheimta og hún skilar ekki meiru þótt málum hafi fjölgað.“

Hefur þú íhugað að sameinast öðrum lögmannsstofum eins og margir félagar þínir á landsbyggðinni hafa gert?

„Ég segi nú eins og frambjóðendur gera gjarnan, „það hefur verið komið að máli við mig...“. En ég hef ekki haft áhuga á slíku og sé mér ekki hagræði í því. Ég gæti alveg hugsað mér að fá samstarfsaðila hingað á skrifstofuna en hef ekki íhugað að fara í samstarf við stofur annars staðar.“

Finnur þú fyrir harðnandi samkeppni?

„Já, ég finn það. Ég verð var við að lögmannsstofur annars staðar af landinu hafa meiri áhuga á að sinna málum hér en áður.“

Er nóg að gera?

„Já, já, það er nóg að gera.“

EI



CREDITINFO
– forskot í krafti þekkingar

Ástæðulaus dráttur á svári

41. gr. Lögmaður skal án ástæðulauss dráttar svara bréfum og öðrum erindum, er honum berast í lögmannsstarfi hans. Sé ekki unnt að svara bréfi eða öðru erindi innan hæfilegs tíma, ber lögmanni að tilkynna það viðkomandi og að erindinu verði svarað, þegar fært verður.

Úr Codex

Í máli úrskurðarnefndarinnar nr. 3/2008 var meðal annars fundið að aðgerðarleysi lögmanns við að svara fyrirspurnum kæranda og slíkt talið fela í sér brot gegn 41. gr. siðareglna lögmannna.

Málsatvik voru þau að kærandi fól lögmanni að reka fyrir sig mál í tengslum við samþykkt byggingarfulltrúans í Reykjavík um breytingar á afmörkun sérnotalóðar. Taldi kærandi undirritun sína á samþykki meðlóðarhafa fyrir breytingunni hafa verið falsaða. Lögmaðurinn tók málið að sér í desember 2006 og var honum þá afhent gögn málsins auk viðbótargagna sem afhent voru í janúar

2007. Eftir þetta tímamark hefði kæranda reynst ómögulegt að ná sambandi við lögmanninn og lagði hann þessu til stuðnings m.a. fram tölvupóst þar sem kvartað var yfir sambandsleysinu og óskað upplýsinga um rekstur málsins. Engin gögn bárust hins vegar frá lögmanninum sem sýndu að tölvupóstinum hefði verið svarað. Lögmaðurinn andmælti því að ekkert hefði verið aðhafst í málinu og vísaði í því sambandi til tveggja bréfa, annars vegar til byggingarfulltrúans í Reykjavík, og hins vegar til lögreglunnar í Reykjavík, sem fylgdu greinargerð hans til úrskurðarnefndarinnar.

Kærandi taldi hins vegar ekkert mark takandi á þeim bréfum þar sem þau væru ódagsett og óundirrituð.

Úrskurðarnefndin taldi að sú staðreynd að umræddum tölvupósti hefði ekki verið svarað af hálfu lögmannsins styddi staðhæfingu kæranda um sambandsleysi af hálfu lögmannsins gagnvart kæranda og að lögmaðurinn hefði ekki svarað fyrirspurnum og skilaboðum kæranda. Nefndin taldi að slík vinnubrögð væru aðfinnsluverð og fælu í sér brot gegn 41. gr. siðareglna lögmannna.

Ingvi Snær Einarsson hdl. tók saman.

LÁTTU TIL ÞÍN TAKA!

Laganám við Háskólann í Reykjavík miðar að því að útskrifa framúrskarandi lögfræðinga sem láta til sín taka í íslensku og alþjóðlegu samfélagi.

- 3ja ára nám til BA-gráðu.
- 2ja ára nám til meistara-gráðu.
- 3ja-4ra ára nám til doktorsgráðu.

Kynntu þér metnaðarfullt og nútímalegt laganám á www.hr.is



LAGADEILD
SCHOOL OF LAW



Bryndís Hlökkversdóttir, aðstoðarrektr og forseti lagadeildar Háskólans á Bifröst

Meðferð mála vegna embættisbrota ráðherra í Danmörku, Noregi og Svíþjóð

Um rannsókn, ákæru og dómsmeðferð í málum vegna embættisbrota ráðherra gilda hér á landi, eins og í mörgum nágrannalöndum okkar, reglur sem eru um margt ólíkar því sem almennt gildir um meðferð slíkra mála þar sem rannsókn er í höndum lögreglu, ákæruvald í höndum saksóknara og almennir dómstólar á tveimur dómsstigum dæma. Skulu hér gróflega raktar helstu reglur sem gilda um rannsókn, ákæruvald og dómsvald vegna embættisbrota ráðherra í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Danmörk

Danir tóku meðferð mála vegna embættisbrota ráðherra til gagnerrar endurskoðunar í kjölfar svonefnds Tamílamáls, sem leiddi í ljós fjölmarga veikleika á rannsókn og málsmeðferð í slíkum málum. Sett voru sérstök lög um rannsóknarnefndir¹ og kafla um undirbúning þingsins vegna mála sem varða ráðherraábyrgð var bætt í þingsköpin. Í grófum dráttum má lýsa fyrirkomulaginu í Danmörku þannig að ef upp kemur ásökun um embættisbrot ráðherra er það hlutverk fastanefndar þingsins, þingskapanefndarinnar, að gera frumathugun á málinu. Þingskapanefndin getur að lokinni frumathugun

sinni gert tillögu til þingsins um að skipuð verði rannsóknarnefnd á grundvelli laganna um rannsóknarnefndir, sem dómsmálaráðherra skipar, ýmist að eigin frumkvæði eða á grundvelli ályktunar þingsins. Rannsóknarnefndum er ætlað að rannsaka málsatvik og þannig leggja grunn að mati þingsins á því hvort ráðherra hafi með einhverjum hætti gerst brotlegur í starfi. Ef grunur leikur á slíku, tekur þingskapanefnd þingsins málið til skoðunar á grundvelli 18. kafla þingskapananna. Þingskapanefndin skal meðhöndla allar skýrslur rannsóknarnefnda og önnur mál sem fjalla um ábyrgð ráðherra eða fyrrverandi ráðherra, hvort sem þær fjalla um vantraust á ráðherra (pólítísk ábyrgð) eða refsíábyrgð.

Í 18. kafla þingskapananna er fjallað um réttarstöðu ráðherra fyrir nefndinni. Hann á m.a. rétt á aðstoðarmanni að eigin vali, honum er tryggður tiltekinn aðgangur að gögnum nefndarinnar og möguleiki á að láta spyrja þá spurninga sem kallaðir eru fyrir nefndina. Þingskapanefndin velur síðan undirnefnd úr röðum nefndarmanna til að undirbúa frekari vinnslu mála um ráðherraábyrgð, m.a. álit þingskapanefndarinnar til þingsins. Ljóst er að réttarstaða ráðherra, sem er til rannsóknar, er mun

skýrari með tilkomu laganna um rannsóknarnefndir og 18. kafla þingskapananna en með þeim lagabótum var greitt úr flestum þeim álitafnum sem uppi höfðu verið um málsmeðferðina bæði fyrir rannsóknarnefndum sem og við meðferð þingsins.

Í Danmörku, eins og hér á landi, er það meirihluti þingsins sem tekur afstöðu til þess hvort ákæra skuli, sbr. 16. gr. dönsku stjórnarskrárinnar. Þar segir að konungur og þingið geti ákært ráðherra fyrir embættisbrot þeirra en konungur hefur ekki notað sér þetta vald í reynd. Ríkisrétturinn dæmir í slíkum málum á einu dómsstigi samkvæmt lögum um ríkisréttinn en í 59. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um skipan hans. Hann er skipaður þeim 15 hæstaréttardómurum sem lengst hafa setið í embætti og 15 dómurum kjörnum af þjóðþinginu til 6 ára í senn. Ákveði þingið að leggja fram ákæru gegn ráðherra, velur það samhliða saksóknara, sbr. 13. gr. laganna um ríkisréttinn² sem flytur málið fyrir þingsins hönd.

Noregur

Samkvæmt norsku stjórnarskránni hefur þingið, líkt og hér á landi, ákæruvald í málum er varða lagalega ábyrgð ráðherra og skal ríkisréttur dæma í slíkum málum, sbr. 86. gr.

stjórnarskrárinnar norsku. Í greininni segir að ríkisrétturinn skuli dæma í málum sem Stórþingið höfðar gegn ráðherra, dómurum hæstaréttar og þingmönnum fyrir refsivert eða annað ólöglegt athæfi þegar þeir hinir sömu teljast hafa brotið sínar stjórnskipulegu skyldur. Norska fyrirkomulagið hefur sérstöðu hvað það varðar hvers konar mál heyra undir ríkisréttinn en lögsaga dómsins nær eins og áður segir ekki aðeins til embættisbrota ráðherra heldur einnig til brota sem framin eru af þingmönnum og dómurum hæstaréttar.

Þegar ásakanir koma fram um meint brot ráðherra í starfi á sér stað frumathugun á málinu í þinginu sem gerist gjarnan með athugun fastanefnda, oftast í eftirlits- og stjórnskipunarnefndinni. Nefndin getur, telji hún þörf á, ákveðið að leggja til við þingið að skipuð verði sérstök rannsóknarnefnd þingsins á grundvelli 14. gr. a norsku þingskapanna eða eftir atvikum að málinu verði vísað til svokallaðrar ábyrgðarnefndar sem fjallað er um í 3. kafla laga nr. 2/1932 um málsmeðferð í málum fyrir ríkisrétti. Telji þingið ekki sé nægilegur grundvöllur til ákvörðunar um ákæru getur það með samþykki að minnsta kosti þriðjungs þingmanna vísað máli til ábyrgðarnefndar þingsins til framhaldsrannsóknar. Ábyrgðarnefnd Stórþingsins var komið á fót í tengslum við endurskoðun á lagaákvæðum um ríkisréttinn árið 2007. Nefndin er skipuð fimm einstaklingum utan þings sem eru kjörnir af Stórþinginu til sex ára í senn. Skipan nefndarinnar er því óháð hverju einstöku máli sem fyrir hana kann að koma. Nefndinni er ætlað að leggja grundvöll að ákvörðun þingsins um það hvort ákæra skuli ef upp kemur ásökun um brot sem varðað geti við lagalega ábyrgð og gefa þinginu skýrslu þar um, sbr. 31. gr. laga nr. 2/1932 um málsmeðferð í ríkisréttarmálum. Þinginu er þó ekki skylt að kalla nefndina saman þótt slík mál komi upp, það hefur val um það og hingað til hefur ekki á þetta reynt. Skýrslu ábyrgðarnefndar skal

síðan leggja fyrir eftirlits- og stjórnskipunarnefndina til umsagnar áður en hún er lögð fyrir þingið, sem tekur endanlega ákvörðun um hvort ákært skuli. Eftir að eftirlits- og stjórnskipunarnefnd hefur gefið álit sitt um niðurstöðu ábyrgðarnefndar, rannsóknarnefndar eða eftir atvikum þeirrar fastanefndar sem gerði frumskoðun á málinu, er málið lagt fyrir þingið með tillögu um ákæru eða að málið sé látið niður falla. Um ábyrgð ráðherra og þeirra sem falla undir ríkisrétt er fjallað í lögum um embættismannaábyrgð nr. 1/1936³ en í 8. – 11. gr. laganna er fjallað um embættisbrot ráðherra.

Þann 1. október 2009 tóku gildi í Noregi ýmsar breytingar á stjórnarskrá og lögum um ábyrgð embættismanna og ríkisrétt í kjölfar mikillar gagnrýni á undirbúning og meðferð slíkra mála. Með breytingunum var dómurum í ríkisrétti fækkað úr 15 í 11 en eingöngu var fækkað í þeim hópi dómara sem kjörnir eru af þinginu og þannig dregið úr pólitísku ívafi dómsins. Nú koma 5 dómarar úr hópi þeirra hæstaréttardómara sem lengst hafa setið í embætti en 6 dómarar eru kjörnir af Stórþinginu. Miklar umræður höfðu áður verið í þinginu um ríkisréttinn og skipan hans og m.a. hafði komið fram tillaga frá nefnd um endurskoðun laga um þingeftirlit, að hann yrði lagður af og málum sem undir heyra komið fyrir hjá almennum dómstólum. Ekki féllst norska þingið á þær tillögur en þess í stað voru gerðar lagfæringar á lögum sem um ríkisréttinn gilda og rannsóknarferlið vegna slíkra mála styrkt í sessi. Ríkisréttinum norska svipar í dag til landsdómsins íslenska ef undan er skilið valdssvið hans, sem er víðara í Noregi eins og áður greinir. Dómar ríkisréttar eru endanlegir og verður ekki áfrýjað.

Svíþjóð

Í Svíþjóð er fyrirkomulagið um rannsókn og meðferð mála vegna embættisbrota ráðherra að nokkru leyti ólíkt því sem gerist í Danmörku og

Noregi. Þingið hefur ekki sett á fót sérskipaðar rannsóknarnefndir en það getur kallað eftir rannsókn tiltekinnar fastanefndar þingsins, stjórnskipunarnefndar (konstitusjonsutskottet), sem hefur að hluta til sama hlutverk og eftirlits- og stjórnskipunarnefnd norska þingsins hvað varðar rannsókn og undirbúning slíkra mála. Nefndinni er á grundvelli stjórnarskrárinnar⁴ m.a. ætlað að rannsaka embættisfærslur ráðherra en tillögur um rannsókn nefndarinnar geta komið frá einstökum þingmönnum eða þingnefndum. Stjórnskipunarnefndin skal síðan að minnsta kosti einu sinni á ári gefa þinginu skýrslu um það sem henni þykir athygli vert í rannsóknnum sínum og ástæða til að gera þinginu grein fyrir og í kjölfar þess eiga sér stað umræður í þinginu um athugasemdir nefndarinnar. Ekki er unnt að leggja fram tillögu um vantraust undir slíkum umræðum, en með því er leitast við að aðskilja umræður um niðurstöður rannsókna stjórnskipunarnefndarinnar þeim flokkspólitísku átökum sem gjarnan fylgja framlagningu vantrauststillagna. Rannsókn stjórnskipunarnefndarinnar byggir á frjálsri upplýsingagjöf en í reynd líta þeir sem kallaðir eru fyrir nefndina á það sem skyldu sína að gefa henni þær upplýsingar sem hún kallar eftir. Telji nefndin ástæða til að gagnrýna ráðherra fyrir embættisfærslur hans getur það leitt til þess að lögð er fram vantrausttillaga gegn ráðherranum. Nefndin hefur einnig ákæruvald í slíkum málum en ekki þingið sjálft eins og í Noregi og Danmörku. Hæstiréttur Svíþjóðar dæmir í málum vegna embættisbrota ráðherra.

¹ Lov nr. 357/1999 om undersøgelseskommissioner.

² Lovnr. 100/1954 om Rigsretten.

³ Lov om ansvar for handlinger som påtales ved Riksrett.

⁴ 1. gr. 12. kap. Regeringsformen.



Antoine Lochet, hdl.

Franski Lýðveldisdómurinn

Franski Lýðveldisdómurinn (*Cour de justice de la république*) var stofnaður árið 1993 með stjórnskipunarlögum nr. 93-952 frá 27. júlí 1993. Lögin bættu nýjum kafla við stjórnarskrána, sem fjallar um refsíábyrgð ráðherra. Áður en Lýðveldisdómurinn var stofnaður var Hæstidómur (*Haute Cour de Justice*) hæfur til að kanna refsíábyrgð ráðherra. Hæstidómur hafði jafnframt lögsögu til að dæma forseta lýðveldisins fyrir landráð. Lýðveldisdómurinn leysti síðan Hæstadóm af hólmi, en einungis varðandi refsíábyrgð ráðherra. Hæstidómur er ennþá hæfur til að dæma forseta lýðveldisins og úrskurða um brottvikningu hans. Hæstidómur og Lýðveldisdómur eru báðir sérdómstólar. Í þessari grein verður eingöngu fjallað um Lýðveldisdóminn.

Lögsaga

Samkvæmt 1. mgr. 68-1. gr. frönsku stjórnarskrárinnar, bera ráðherrar refsíábyrgð fyrir afbrot sem teljast glæpur (crime) eða brot (délict), sem framin eru í embættisrekstri þeirra. Rétt er að taka fram að í frönskum refsirétti er ítarleg flokkun á afbrotum m.t.t. þeirrar refsingar sem við þeim liggur. Óhægt væri að gefa ítarlega skilgreiningu á hugtökunum crime og délit án

þess að fara yfir meginreglur og undatekningar sem hegningarlögin hafa að geyma, en meginreglan er sú að crime eru afbrot sem varða að lágmarki 15 ára en að hámarki ævilöngu fangelsi og délit eru afbrot sem varða að lágmarki sekt og fangelsi í 2 mánuði en í 10 ár að hámarki. Lýðveldisdómurinn er einn hæfur til að dæma um refsíábyrgð ráðherra sem tengist embættisrekstri þeirra. Lýðveldisdómurinn er ekki hæfur til að kanna t.d. einkaréttarkröfur brotþola enda á samkvæmt lögum um Lýðveldisdóminn að bera slíkar kröfur upp við almenna dómstóla. Auk þess er Lýðveldisdómurinn ekki hæfur heldur til að dæma ráðherra fyrir afbrot sem þeir fremja á meðan þeir eru í embætti en sem tengjast ekki beint embættisrekstri þeirra.

Samsetning Lýðveldisdómsins

Almenn lög um Lýðveldisdóminn hafa að geyma ákvæði um samsetningu dómsins. Í Lýðveldisdómnum eiga sæti fimmtán dómáramenn. Tólf þeirra eru þingmenn, en sex eru kosnir af öldungaráðinu (sénat) og sex af þjóðþinginu (assemblée nationale). Hinir þrjú dómáramenn eru kosnir af dómurum við franska Hæstaréttinn (*Cour de Cassation*) og einn þeirra er skipaður forseti Lýðveldisdómsins.

Ákærvaldið við Lýðveldisdóminn er í höndum saksóknara Hæstaréttar.

Í rannsóknarnefndinni eru þrjú dómáramenn og þrjú varamenn skipaðir af Hæstarétti. Rannsóknarnefndin sér um að upplýsa mál eftir að saksóknari hefur gefið fyrirmæli um að hefja rannsókn.

Kærunefndin sér um að taka á móti kærum og senda þær á saksóknarann. Í kærunefndinni eru þrjú dómáramenn Hæstaréttar, tveir dómáramenn úr Stjórn-sýsluhæstaréttinum (*Conseil d'Etat*) og tveir dómáramenn frá fjármáladómstólum (*Cour des Comptes*).

Meðferð máls fyrir Lýðveldisdómnum

Hver sá maður sem kveðst hafa orðið fyrir misgerð af völdum afbrots (crime eða délit) sem ráðherra hefur framið í embættisrekstri, getur sent kæru um slíkt afbrot til kærunefndarinnar. Þegar kærán berst kærunefndinni, metur hún hvort kærán sé nægilega rökstudd til að vísa henni til saksóknara. Saksóknarinn gefur síðan rannsóknarnefndinni fyrirmæli um að hefja rannsókn, sem byggð er á ákvörðun kærunefndarinnar. Saksóknari getur og vísað máli til rannsóknarnefndarinnar ex officio þ.e.a.s. að hann getur gefið fyrirmæli um að hefja rannsókn án þess að afbrot hafi verið kært. Í slíkum tilvikum eru

Aðsent efni

fyrirmæli byggð á álitum kærunevndarinnar. Saksóknari við Hæstarétt hefur t.d. nýlega athugað ex officio hvort kæra ætti Eric Woerth, núverandi vinnuáráðgjafi, fyrir Lýðveldisdóminn í tengslum við Liliane Bettencourt málið. Niðurstaðan var að ekki hefði verið efni til að hefja mál að svo stöddu.

Fyrir gildistöku stjórnskipunarlaganna frá 1993 um Lýðveldisdóminn, þ.e. þegar refsíbyrgð ráðherra var undir lögsögu Hæstadómsins, þurfti ákvörðun um að kalla saman Hæstadómsinn til að kanna afbrot ráðherra að koma frá bæði öldungaráðinu og þjóðþinginu. Með því að opna fyrir möguleika á kærur frá almenningi og setja ákærvaldið í hendur saksóknara varð meðferð mála fyrir Lýðveldisdómnum, líkari því sem er í venjulegum sakamálum fyrir almennum dómstólum, þrátt fyrir að hún sé enn afbrigðileg.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. almennra

laganna frá 1993 um Lýðveldisdóminn, eiga ákvæði almennra sakamálalaga, einkum reglur um réttindi sakbornings, við meðferð fyrir rannsóknarnefndinni nema kveðið sé á um annað í lögum. Jafnframt, skv. 1. mgr. 26. gr. sömu laga, eiga ákvæði almennra sakamálalaga við um aðalmeðferð og dómsúrlausnir Lýðveldisdómsins nema kveðið sé á um annað í lögum.

Hægt er að kæra úrskurði rannsóknarnefndarinnar og áfrýja dómum Lýðveldisdómsins til Hæstaréttar.

Dómar sem Lýðveldisdómurinn hefur kveðið upp

Síðan hann var stofnaður, hefur Lýðveldisdómurinn kveðið upp dóma í málum á hendur sex fyrrverandi ráðherrum. Fyrsta dómurinn var kveðinn upp þann 9. mars 1999 í máli á hendur Laurent Fabius, fyrrverandi forsætisráðherra, Georgina Dufoix, fyrrverandi félagsmálaráðgjafi og Edmond Hervé, fyrrverandi heilbrigðis-

ráðgjafi, í svokölluðu blóðhneyksli máli. Edmond Hervé var dæmdur sekur fyrir afbrot sem hann bar sök á en var ekki gert að sæta refsingu.

Ærumeiðingarmál var höfðað á hendur Segolène Royal sem fyrrverandi menntamálaráðgjafi. Í dómi kveðnum upp þann 16. maí 2000 var hún sýkn allra mála.

Michel Gilibert, fyrrverandi ráðgjafi um málefni fatlaðra var dæmdur þann 7. júlí 2004, fyrir fjársvik, í 3 ár skilorðbundið fangelsi, € 20.000 sekt, og 5 ár framboðsréttar- og atkvæðisréttarsviptingu.

Síðast var Charles Pasqua, fyrrverandi innanríkisráðgjafi, ákærður fyrir fjársvik í þremur málum. Hann var dæmdur laus allra mála í tveimur þeirra en dæmdur í 1 árs skilorðbundið fangelsi í síðasta málinu.

ÞARFT ÞÚ FRAMÚRSKARANDI VEFSÍÐU?



Traustur samstarfsaðili

www.outcome.is



Christiane L. Bahner hdl.

Ráðherraábyrgð í Þýskalandi

Ákvæði um ríkisstjórn Þýskalands eru einkum að finna í VI. kafla stjórnarskrár þýska sambandslýðveldisins (Grundgesetz eða GG). Samkvæmt því samanstendur ríkisstjórnin af kanslara og öðrum ráðherrum. Kanslarinn er kosinn af þýska sambandsþinginu Bundestag en aðrir ráðherrar eru tilnefndir af kanslara. Það er svo forseti Þýskalands sem skipar ráðherra og veitir þeim lausn.

Ábyrgð kanslara og ráðherra samkvæmt stjórnarskrá er einungis pólitísk. Það er hvergi gert ráð fyrir ákærum á hendur þeim af hálfu þingsins né öðrum stofnunum eða einstaklingum. Ekki er heldur hægt að víkja ráðherra úr starfi og það er einungis kanslarinn sjálfur sem þarf að bera ábyrgð á gjörðum ríkisstjórnarinnar. Þingið getur með stuttum fyrirvara kosið nýjan kanslara og látið hinn víkja úr starfi.

Forseti Þýskalands ber ábyrgð á gjörðum sínum og geta bæði sambandsþingið og sambandsráðið ákært hann vegna brota á stjórnarskrá eða öðrum sambandslögum af ásetningi. Það er þýski stjórnarskrárrétturinn (Bundesverfassungsgericht) sem dæmir í slíkum málum en brot á lögum varða embættismissi.

Þessi takmörkun á ráðherraábyrgð hefur verið í stjórnarskrá þýska

sambandslýðveldisins frá árinu 1949 en í stjórnarskrá fyrsta þýska lýðveldisins frá árinu 1918 var einnig hægt að ákæra kanslarann eða staka ráðherra. Við enduruppbyggingu Þýskalands eftir seinni heimstyrjöldina hafa þessi ákvæði einungis verið tekin upp í stjórnarskrám sambandslanda og eru ennþá að finna í þeim, að undanteknum þeim löndum sem bættust við þegar Þýska alþýðulýðveldið (Deutsche Demokratische Republik eða DDR) leið undir lok.

Reglur í sambandslöndunum eru mjög svipaðar en þing viðkomandi sambandslands getur ákveðið að láta ákæra ráðherra vegna brots á stjórnarskrá viðkomandi sambandslands eða öðrum lögum af ásetningi eða vítaverðu gáleysi. Það þarf oftast 1/3 þingmanna til að styðja beiðni um ákæru, en ákvörðun um hana þarfnast viðveru 2/3 þingmanna á þingfundi og 1/3 ákvæða viðstaddra þingmanna, en a.m.k. helming allra þingmanna. Það er stjórnarskrárréttur viðkomandi sambandslands sem dæmir í slíkum málum en brot á lögum varða embættismissi. Jafnframt hefur dómurinn þann möguleika að víkja viðkomandi ráðherra úr starfi til bráðabirgða þegar mál hefur verið höfðað.

Ábyrgð ráðherra fyrnist á fimm árum frá því brot var framið en á einu ári frá

því þinginu varð kunnugt um brotið. Það er sérstaklega tekið fram að engu máli skiptir þó viðkomandi ráðherra sé ekki lengur starfandi, þingið hafi verið leyst upp eða kosningatímabili sé lokið.

Um ákæru á hendur ráðherra gilda sérstakar reglur, en meðal annars er hægt að láta framkvæma frumrannsókn á vegum réttarins, bæði að beiðni ákæranda þingsins, ákærða ráðherra og að eigin frumkvæði dómsins. Að því loknu getur dómstjóri gefið þinginu kost á því að endurskoða ákæruna. Ef ákæran verður ekki dregin til baka verður haldin aðalmeðferð í málinu þar sem fulltrúi ákæranda þingsins gerir fyrst grein fyrir ákærunni en ákærði ráðherra fær svo tækifæri til að tjá sig um málið. Síðar verða sönnunargögn lögð fram og vitni leidd, en að því loknu gera aðilar grein fyrir rökum sínum og leggja málið í dóm.

Sérstaklega skal tekið fram að í sumum sambandslöndum er gert ráð fyrir að ráðherrar geta sjálfir óskað eftir ákvörðun dómstóls ef þeir hafa verið ásakaðir um brot í starfi opinberlega. Ákæru á hendur ráðherrum og forseta lýðveldisins eru sjaldnast framkvæmdar og eru ákvæði þess efnis því að mestu leyti úreltar en halda þó gildi sínu á meðan þau eru enn að finna í stjórnarskrám Þýskalands.



Hvað gerir ljósritunarpappír góðan?



Data copy er góður pappír í afar hentugum og meðfærilegum umbúðum.

Ein pappírstegund til allra nota

- Ljósritunarpappírinn á að vera vel hvítur
- Ljósritunarpappírinn þarf að taka prentlit vel svo ólíkar fyrirmyndir verði skýrar
- Hann þarf að vera fjölnota; hæfur til ýmissa nota skrifstofunnar; jafnt í svart/hvítu sem í lit, - í ljósritunarvél, prentara og faxtæki
- Trygging sé fyrir vistvænu vinnsluferli pappírsins

— hvítlist

Krókhálsi 3 569-1900

PORT Hönnun

Skjalatætarar eru öryggistæki

Örugg eyðing, ólæsilegar og órekjanlegar upplýsingar

IDEAL er öruggt merki



IDEAL 3803

Ný kynslóð af pappírstæturum.

Pappírstætarar í miklu úrvali, allt frá litlum tæturum við skrifborðið að afkastamiklum skrifstofutæturum

Öryggisbúnaður, rafræn stýring

Hárbeittir tætarahnífar úr vönduðu stáli, 5 ára ábyrgð

Hljóðlátir en öflugir mótorar

IDEAL 3803

Öflugur skjalatætarei fyrir skrifstofuna

Breidd inntaks 380 mm
Rúmtak geymslu 160 lítrar



IDEAL 2403

IDEAL 2403

Breidd inntaks 240 mm
Rúmtak geymslu 35 lítrar

Bjódum fleiri gerðir og stærðir

Lögmenn!
15% afsláttur
til ykkar

CE IDEAL lýtur evrópskum gæðastaði í framleiðslu skjalatætara.

— hvítlist

Krókhálsi 3 569-1900

PORT Hönnun



Hópurinn fór í dómhús Tallinnar en það hýsir tvö dómstig. Þriðja og hæsta dómstigið er í háskólaborginni Tartu sem er um 200 kílómetra frá höfuðborginni.

Námsferð til Tallinn

Í lok september síðastliðinn fór 34 manna hópur í námsferð á vegum félagsdeildar LMFÍ til Tallinn í Eistlandi. Tallinn þykir ein fallegasta borg í Evrópu með gömlum borgarhluta frá tímum Hansakaupmanna sem er á heimsminjaskrá UNESCO.

Námsferðir eru yfirleitt skipulagðar þannig að fagleg dagskrá og fróðleg skemmtun eru stundaðar jöfnum höndum. Þessi ferð var engin undantekning þar á. Fyrsta morguninn var ekið og gengið um borgina með innlendum leiðsögumanni. Leiðsögumaðurinn, kona um sjötugt, var mikill karakter og það var sérstaklega skemmtilegt að heyrja hversu opinskátt hún talaði um þann tíma þegar landið var undir sovéskri stjórn. Þá er umhugsunarefni hversu mikla áherslu hún lagði á mikilvægi tjáningarfrelsisins. Að skoðunarferð lokinni var farið í dómhús í miðborginni sem hýsir tvö dómstig af þremur en Hæstiréttur er staðsettur í Tartu. Þegar Eistar fengu sjálfstæði frá Sovétríkjunum árið 1991 héldu dómáramur, sem höfðu verið á tímum Sovétmanna, áfram störfum en horft var til þýskra laga við endurnýjun þeirra eistnesku.

Það sem mér þótti merkilegast við Eistland var hvað allt er hreint og fagað og engir betlarar. Svo var gaman að heyrja í fólki sem kann að meta málfrelsið og sjálfstæði landsins.

Arnfríður Einarsdóttir

Löggjafinn

Eistland varð lýðveldi árið 1918 en þjóðþing þeirra, Riigikogu, var í fyrsta skipti kosið árið 1921. Árið 1940 var landið hertekið af Rauða hernum í kjölfar leynisamninga Hitlers og Stalíns og allir þingmenn skotnir eða sendir til Síberíu. Sömu örlög biðu 10.000 manna af milljón íbúum Eistlands en árin 1941-1944 var landið hertekið af þýska hernum. Að loknu stríði tóku Sovétmenn aftur við stjórnartaumum og við tók tímabil þar sem reynt var að afmá öll þjóðareinkenni Eista.

Á níunda áratug 20. aldar hófu Eistar að berjast fyrir sjálfstæði og markast upphafið af tónleikum sem tugþúsundir Eista komu saman og sungu kjark í þjóðina. Eistar tala sjálfir um „söngbyltinguna“ en þeir fengu

sjálfstæði árið 1991 án þess að blóði væri úthellt.

Það var fróðlegt að heimsækja Riigikogu þar sem 101 þingmaður situr. Sex stjórnmalaflokkar eiga nú fulltrúa á þinginu og það vakti athygli okkar að 42 þingmenn sitja á sínu fyrsta kjörtímabili sem lýkur vorið 2011. Einungis 13 þeirra eru lögfræðingar en margir lögfræðingar starfa þó hjá þinginu. Þrír þeirra tóku á móti okkur, kynntu starfsemi þingsins og svörðu öllum spurningum okkar greiðlega.

Það sem mér þótti merkilegast við Eistland voru ungir lögmennt.

Þórdís Bjarnadóttir

Lögmenn í Eistlandi

Ein stærsta lögmannsstofa Eistlands, Tark Grunte Sutkiene, var heimsótt. Á móti okkur tók Hannes Vallikivi, sem er einn eigenda stofunnar auk þess sem hann var kosinn í stjórn Lögmannafélags Eistlands sl. vor. Á lögmannsstofunni starfa 34 lögmennt og þrír í útibúi í Tartu. Lögmannsstofan sameinaðist nýlega stórum stofum í Lettlandi og



Nokkrir þátttakendur í Riigikogu. F.v. Dögg Pálsdóttir, Valgeir Pálsson, Margrét Magnúsdóttir, Snædís Gunnlaugsdóttir, Hjördís E. Harðardóttir og Þórdís Bjarnadóttir.



Á einni stærstu lögmannsstofu Eistlands, Tark Grunte Sutkiene, tók einn eigendanna, Hannes Vallikivi, á móti íslensku lögmenningunum en hann er jafnframt stjórnarmaður í Lögmannafélagi Eistlands.

Litháen og samtals starfa 100 lögmenntur í þessum þremur löndum. Lögmannsstofan veitir þjónustu á níu tungumálum en enska er þó mest notuð. Íslensku lögmenningunum fannst talsvert til þess koma hve tæknivæddir starfsfélagar þeirra í Eistlandi eru en þar hafa verið teknar upp rafrænar undirskriftir. Svo til öll samskipti við dómstóla og sending gagna fer fram rafrænt og hver lögmaður er með sitt heimasvæði. Í lokin var gengið um húsakynni stofunnar sem er í miðborg Tallinn og hin glæsilegasta.

Það sem mér þótti merkilegast við Eistland var hvað fólk er norrænt í útliti, tengingin við Finnland er mikil og hversu lík tungumálin eru í þessum tveimur löndum.

Anna Guðrún Pind Jörgensdóttir

Örlítill samanburður

Í Eistlandi er einn lögmaður fyrir hverja 1864 einstaklinga í landinu á móti 376 á Íslandi. Félagar í Lögmannafélagi Eistlands eru 719 á móti 850 í Lögmannafélagi Íslands. Konur eru 45% félagsmanna í Eistlandi en 26% félagsmanna á Íslandi.

Fritími

Á laugardeginum var farið í dagsferð í þjóðgarðinn Lahemaa. Skoðað var sveitasetur frá 19. öld, afar glæsilegt og nýuppgergt sem var í eigu þýska aðsalsins sem réð lengi vel í Eistlandi. Skýr vitnisburður um að talsvert ríkidæmi hefur einhvern tímann verið í landinu. Um kvöldið fór hópurinn í miðaldarkvöldverð á veitingahúsinu Olde Hansa í miðborg Tallinn, skammt frá ráðhústorginu. Þar var boðið upp á þjóðlegar kræsingar eins og andakássu, skógarbjarnarkjöt, elgssteik og villisvínasteik sem borið var fram með bankabyggi og soðnum rófum. Létu menn misjafnlega af góðgætinu. Engin formleg dagskrá var á sunnudeginum og spókuðu ferðalangarnir sig um borgina og gerðu sitt besta til að skilja eitthvað af verðmætum gjaldeyri eftir í landinu.

Það sem er eftirminnilegast í mínum huga eru tvær manneskjur sem við hittum og eru fulltrúar tveggja ólíkra tímabila í sögu Eistlands. Annars vegar er um að ræða gömlu konuna sem var fulltrúi gamla tímans og var leiðsögumaður okkar í borgarferðinni. Hún fræddi okkur um sjálfstæðisbaráttu Eistlendinga og sagði okkur frá því hvernig árin undir yfirráðum Sovétríkjanna fóru í þjóðina. Þar var á ferð tilfinningarík kona sem talaði beint frá hjartanu. Hins vegar var það lögmaðurinn sem var fulltrúi nýja tímans. Þar var á ferð ungur vel menntaður lögmaður með alþjóðlega lögfræðipekkingu. Fulltrúi kynslóðar sem hefur tekið tæknina í sína þjónustu og hefur metnað til að standa framarlega á því sviði.

Árni Á. Arnason



Þinghús Eistlands, Riigikogu.

- skráning stendur yfir á heimasíðu www.lmf.is

Nýting auðlinda til orkuframleiðslu - 28. október

Farið verður yfir meginatriði þess lagaumhverfis sem tekur til nýtingar auðlinda til orkuframleiðslu á Íslandi, hugað að nýjum auðlindakostum 21. aldar og fjallað um reglur um takmarkanir á aðkomu erlendra aðila.

Fjallað verður um hvernig eignarhaldi náttúruauðlinda er háttað að íslenskum rétti og farið í gegnum ferlið frá því að hugmynd um hagnýtingu orkuauðlindar vaknar og þar til hún er orðin að veruleika. Þá verður sérstaklega fjallað um raforkulöggjöfina og mismunandi reglur sem gilda um meðferð raforku frá því áður en hún „fæðist“ og þar til hún er nýtt. Gerð verður grein fyrir hugmyndum nefndar forsætisráðherra um fyrirkomulag varðandi leigu á vatns- og jarðhitaréttindum í eigu íslenska ríkisins.

Kennarar	Karl Axelsson hrl. hjá Lex lögmannsstofu og Dýrleif Kristjánsdóttir hdl. hjá Lex lögmannsstofu.
Staður	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími	Fimmtudagur 28. október 2010 kl. 16:00-20:00.
Verð	Kr. 27.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 20.000,-

Sérvalin tónverk, ostar og vín - 4. nóvember

Á tónlistarkvöldi, sem haldið verður 4. nóvember, mun Ólafur Reynir Guðmundsson, píanóleikari, kynna nokkrar af töfrandi melódíum gömlu meistaranna s.s. Chopin og Rachmaninoff og ræða um uppbyggingu þeirra og form. Ólafur Reynir færir okkur svo inn í nútímann og kynnr frumsamin tónverk sín sem þó eru í rómantískum anda. Boðið verður upp á léttvín og osta.

Stjórnandi	Ólafur Reynir Guðmundsson, píanóleikari (Universität für Musik und darstellende Kunst, Vínarborg/Harvard) og lögfræðingur Samtaka verslunar og þjónustu.
Staður	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími	Fimmtudagur 4. nóvember 2010 kl. 18:00-20:00.
Verð	Kr. 6.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 4.000,-

Vinir og vandamenn velkomnir með á námskeiðið. Athugið takmarkað sætaframboð.

Hver er sinnar streitu smiður - 11. nóvember

Félag kvenna í lögmennsku og félagsdeild LMFÍ standa saman að námskeiði um streitu með Jóhanni Inga Gunnarssyni, sálfræðingi.

Þegar á reynir þurfum við að geta náð tökum á streitu og gera okkur grein fyrir hverjir eru helstu streituvaldarnir í umhverfi okkar. Streita er í rauninni lífsorka sem við ættum að nota til að takast á við erfiðleika og aðlagast breytingum. Sá sem hefur gott vald á streitu er því vel settur í lífsbaráttunni, hvílist betur og fer vel með orkuna sína.

Á námskeiðinu verður farið yfir hagnýtar aðferðir til að nýta sér streitu á jákvæðan hátt. Þátttakendur fá tækifæri til að taka streitupróf til að átta sig betur á hvar þeir standa. Blandað verður saman fyrirlestrum, umræðum og hagnýtum verkefnum.

Kennari	Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur.
Staður	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími	Fimmtudagur 11. nóvember 2010 kl. 16:00-19:00.
Verð	Kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 15.000,-

Námskeiðið er opið öllum félagsmönnum LMFÍ

Árangursríkur málflutningur - 16. nóvember

Hvernig leggja skal mál fyrir dóm og flytja mál fyrir dómi Farið verður yfir undirbúning og hagnýt atriði munnlegs málflutnings fyrir dómstólum, framkomu í dómsal og samskipti lögmanna og dómara.

Kennarar	Sigurður Tómas Magnússon, hrl. og sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Ingvaldur Einarsdóttir, héraðsdómari og Gestur Jónsson, hrl. hjá Mörkinni lögmannsstofu.
Staður	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími	Þriðjudagur 16. nóvember 2010 kl. 17:00-19:00.
Verð	Kr. 12.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 10.000,-

Tilvalið endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi lögmenn sem vilja bæta málflutning sinn!



Brynjar Níelsson hrl.

Laganám

Lögfræði hefur verið kennd á Íslandi síðan 1908 en áður höfðu menn sótt námið til Danmerkur. Námið var því að danski fyrirmynd, bæði hvað varðar námsefni og kröfur. Þetta fyrirkomulag á laganámi hélst í aðalatriðum þar til aðrir skólar en Háskóli Íslands hófu lagakennslu uppúr aldamótunum síðustu. Þegar lagakennsla var gefin frjáls, ef svo má að orði komast, gátu skólarnir hagað laganáminu nánast að vild. Skólunum var í sjálfsvald sett hvaða fög þau kenndu og hvaða kröfur þeir gerðu um lágmarkseinkunn.

Þegar nemendur hafa lokið meistarprófi í lögfræði sinna þeir margir mikilvægum störfum í samfélaginu. Sumir leggja fyrir sig lögmennsku, aðrir vinna að dómstörfum og enn aðrir mikilvæg störf í stjórnslunni þar sem krafist er lögfræðimenntunar. Allt eru þetta störf sem geta varðað mikla hagsmuni einstaklinga, fyrirtækja og ríkisvaldsins. Það skiptir því máli að menntun lögfræðinga sé góð.

Margir eru þeirrar skoðunar að skólarnir eigi alfarið að ráða því hvernig laganámið er uppbyggt og hvaða kröfur eru gerðar til nemenda. Markaðurinn muni útiloka nemendur úr þeim skólum þar sem námið uppfylli ekki kröfur hans. Ég er ekki viss um að málið sé svona

einfalt. Að vísu er það svo að lögfræðingar þurfa að taka lögmennspróf til að fá réttindi til að starfa sem slíkir. Það próf er hins vegar takmarkað og segir kannski ekki mikið um þekkingu í grunngreinum lögfræðinnar og getu til að leysa flókin lögfræðileg úrlausnarefni. Dómstólar og stjórnslan verða að geta gengið út frá því sem vísu að nemendur sem ljúka meistarprófi í lögum séu með góða þekkingu í grunngreinum lögfræðinnar og geti leyst úr þeim lögfræðilegu úrlausnarefnum sem störfunum fylgja. Það kann að vera erfitt fyrir ríkisstofnanir að gera greinarmun á nemendum eftir skólum við mannráðningar enda varla forsendur til þess nema að hafa upplýsingar um gæði námsins, kröfur sem gerðar eru til nemenda og hvort nemendur geti með fullnægjandi hætti sinnt þeim störfum þar sem lögfræðiprófs er krafist. Engin slík úttekt hefur verið gerð svo mér sé kunnugt um.

Þótt ég telji mig frjálslyndan mann alla jafna er ég það ekki þegar kemur að grunnnámi í lögfræði. Mér er hins vegar nokkurn veginn sama hvaða áherslur skólarnir hafa á meistarastiginu. Þar er meira svigrúm fyrir háskólana að mynda sér sérstöðu. Ég er því áhugaður um að gerð verði úttekt á gæðum laganáms hér á landi og hef rætt í stjórn lögmannafélagsins um að það geri slíka úttekt eða komi að því ásamt öðrum ef svo ber undir. Ég tel að það skipti lögmannaáttinni máli að þar starfi fólk sem hafi mikla færni og getu til að sinna flóknum lögfræðilegum verkefnum. Sama gildir að sjálfsögðu um dómstólana og stjórnsluna. Traust og trúverðugleiki skiptir nefnilega höfuðmáli í öllu réttarkerfinu. Ef menntun lögfræðinga er ófullnægjandi fyrir þessi störf og kunnáttan lítil munu þeir sem sinna þessum störfum ekki njóta trausts og trúverðugleika. Það getur haft alvarlegar afleiðingar.



Trúnaðarskylda lögmanna:

Niðurstaða Evrópudómstólsins í Akzo Nobel málinu

Þann 14. september s.l. gekk endanlegur dómur í svokölluðu Akzo Nobel máli sem rekið var fyrir Evrópudómstólnum en það snérist um trúnaðarskyldu innanhússlögmanna, þ.e. hvort gögn stjórnenda tiltekins fyrirtækis, sem stöfuðu frá innanhússlögmanni, nytu verndar á grundvelli trúnaðarskyldu lögmanna.

Fjallað var um niðurstöðu á fyrra dómstigi í 4. tbl. Lögmannablaðsins 2007 þar sem því var hafnað að trúnaðarskylda næði til innanhússlögmanna.

Niðurstaða Evrópudómstólsins í september s.l. var sú sama og á fyrra dómstigi en hún byggði m.a. á því að þrátt fyrir aðild hlutaðeigandi innanhússlögmans að lögmannafélagi og skyldur hans á grundvelli siðareglna þess félags, gildi trúnaðarskyldan ekki um störf hans fyrir vinnuveitanda sinn þar sem skilyrði um sjálfstæði lögmansins skorti og samhengi starfans við réttindi skjólstæðings væru ekki til staðar. Nánari umgjöllun um niðurstöðu dómstólsins er m.a. a finna á slóðinni: www.curia.europa.eu (leitarorð Akzo Nobel).

LL

Rannsókn á misferli



Fjársvik og misferli af ýmsum toga er oft fylgifiskur breytilegs viðskiptaumhverfis og er ógn við heilbrigðan fyrirtækjarekstur. KPMG aðstoðar skiptastjóra og lögmenn við rannsókn á meintu misferli.

Nánari upplýsingar veitir:

Helga Harðardóttir

s. 545 6204, hhardardottir@kpmg.is

kpmg.is

AUDIT ■ TAX ■ ADVISORY



- fyrir alla muni

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými

Rými býður óteljandi lausnir fyrir skrifstofurýmið

- Skjalaskápar
- Teikningaskápar
- Starfsmannaskápar
- Geymsluhillur



Hafið samband við ráðgjafa okkar
Ráðgjöf - Lausnir - Þjónusta

Rými - Ofnasmiðja
Skemmuvegur 6 Kópavogur
Sími : 511-1100
www.rymi.is

Af Merði lögmanni

Mörður er búinn að lesa rannsóknarskýrslu Alþingis spjaldanna á milli og hefur komist að því að hann er einn örfárna manna sem ber ekki sök á Hruninu. Og eftir lestur siðferðiskaflans er ljóst að Mörður er sennilega eini maðurinn á landinu sem er ekki siðferðislegt flak. Það eru því menn eins og Mörður sem eiga byggja upp nýtt og betra Ísland. Eins og Mörður hefur alltaf sagt þarf fleiri lúða við stjórnvölinn. Þeir mega bulla hvaða vitleysu sem er. Svo er íslenska þjóðin alltaf umburðarlynd gagnvart ~~líkum~~ líkum og fíflalátum.

Þegar lúðar bjóða sig fram eru líka önnur viðmið í gildi en hjá öðrum frambjóðendum. Í lúðaframboðum skiptir kynjahlutfall ekki máli enda eru karlmenn bara lúðar en ekki konur. Fagmennska skiptir ekki heldur máli þegar fyndnir lúðar bjóða sig fram. Íslendingar eru hvort eð er heimsmeistarar í að kjósa fólk til áhrifastarfa sem ekkert veit og ekkert kann. Mörður getur því ekki verið verri en þeir sem fyrir voru.

Mörður hefur því ákveðið að stofna flokk lúða og bjóða sig fram til næstu þingkosninga þrátt fyrir varnarorð allra sem til Marðar þekkja, hvort sem er mikið eða lítið. Mörður heldur að kjörþokki muni ekki skipta máli í hinu nýja Íslandi. Mörður var að vísu svolítið hugsí og hafði áhyggjur af því hvað hin sérstaka stétt stjórn málafræðinga segði við framboðinu. Mörður hefur aldrei skilið þessi fræði og telur að þau séu ruslakista fyrir fólk sem getur ekki lært neitt sem vit er í. Svo mundi Mörður að stjórn málafræðingar segja aldrei neitt annað en sem allir vita og hurfu þá áhyggjur Marðar.

Mörður hefur hins vegar talsverðar áhyggjur þegar farið verður að grafa upp fortíðina. Það er víst alltaf gert þegar einhver vogar sér í framboð. Mörður reykti hass í MH í gamla daga og var uppnefndur Möddi hasshaus. En það verður kannski horft framhá því enda hassneysla hluti af menningu MH inga. Það hafa nefnilega einhverjir háskólakennarar í félagsfræðum fundið það upp að öll vitleysa er í lagi ef hún er hluti af menningu. Þess vegna er í lagi að skylda konur sums staðar til að klæðast flíkum sem hylja þær frá toppi til tótt þær drepist fyrir aldur fram úr öndunarsjúkdómum

Það sem kann að koma Merði verst í kosningabaráttunni eru smásögurnar og limrurnar sem Mörður samdi á skólaárum sínum. Mörður samdi nefnilega klámsögur og klúrar vísur á þeim tíma. Háskólakennarar og fræðimenn hafa nefnilega komist að því að í klámi og klúrum vísnum felist mikil hætta fyrir íslenskt samfélag og konur sérstaklega. Það er því ekki víst að Mörður geti skýlt sér bak við það að frjálsar ástir og klúrar vísur hafi verið hluti af menningu 68 kynslóðarinnar, en Mörður tilheyrir þeirri ágætu kynslóð sem fékk allt upp í hendurnar fyrir ekki neitt. Mörður missti samt einhvern veginn af öllu sem þessi kynslóð fékk.

Kannski gæti Mörður sloppið við árásir vegna klúru vísanna ef hann kæmi út úr skápnunum. Það má nefnilega ekki ráðast að mönnum sem tilheyra minnihlutahópum. Mörður gæti haldið því fram að klúru vísurnar væri hluti af menningu þeirra sem hirst hafa í skápnunum lengi. Mörður mun sennilega samt sleppa því að fara hálfberrassaður í gleðigöngu fyrir framan alla þjóðina. Það er af fagurfræðilegum ástæðum.

*Mörður lögmaður hefur verið önnur kafinn undanfarið við að mótmæla á Austurvelli og ekki gefið sér tíma til að skrifa pistil fyrir Lögmannablaðið. Mun það vera í fyrsta skipti síðan Lögmannablaðið hóf að koma út 1998 sem gripið er til þess ráðs að endurbirta fyrri pistil.

- skráning stendur yfir á heimasíðu www.lmfi.is

Ferill innheimtumála og samskipti við greiðendur - 16. nóvember - fyrir starfsfólk lögmansstofa

Farið verður yfir feril innheimtumála frá því að innheimta hefst og þar til krafa fæst greidd. Gildandi reglur um frum-, milli og löginneimtu verða skoðaðar sem og formkröfur vegna innheimtuaðvörunar, samskipti við greiðendur og upphaf löginneimtu.

Kennari	Davíð Gíslason, hdl hjá Gjaldheimtunni.
Staður	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími	Þriðjudagur 16. nóvember 2010 kl. 9:00-12:00.
Verð	Kr. 15.000,- en fyrir starfsfólk félaga félagsdeildar kr. 12.000,-

Fagleg ábyrgð hönnuða og byggingastjóra - 18. nóvember

Farið verður yfir ábyrgð hönnuða, byggingarstjóra og iðnaðarmanna vegna mistaka við hönnun og byggingu húsa. Einnig verður farið yfir helstu lagareglur og grundvallardóma sem tengjast viðfangsefninu.

Kennarar	Ívar Pálsson hdl. hjá Landslögum og Hildur Ýr Viðarsdóttir hdl. hjá Landslögum
Staður	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími	Fimmtudagur 18. nóvember 2010 kl. 16:00-18:00.
Verð	Kr. 12.500,- en fyrir félaga í félagsdeild kr. 10.000,-

- skráning stendur yfir á heimasíðu www.lmfi.is

Nauðasamningar - 23. nóvember

Á námskeiðinu verður fjallað um nauðasamningsumleitunar eftir lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Fjallað verður um ýmis raunhæf álitæfni sem upp geta komið við nauðasamningsumleitunar. Sjónum verður beint að störfum umsjónarmanns við nauðasamningsumleitunar, heimildum hans og skyldum. Að auki verður gerð almenn grein fyrir framkvæmd nauðasamningsumleitana og hvernig nauðasamningsumleitunum verður lokið. Þá verða kynntar þær breytingar sem gerðar hafa verið á reglum laga nr. 21/1991 um nauðasamningsumleitunar.

Boðið verður upp á að senda skriflegar fyrirspurnir til fyrirlesara um efnið áður en námskeiðið fer fram.

Kennarar	Ása Ólafsdóttir hrl. og lektor við lagadeild Háskóla Íslands og Ástráður Haraldsson hrl. hjá Mandat og dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst.
Staður	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími	Þriðjudagur 23. nóvember 2010 kl. 16:00-19:00.
Verð	Kr. 20.000,- en fyrir félaga í félagsdeild kr. 15.000,-

Skiptastjórn þrotabúa - 7. desember

Fjallað verður starf og meginskyldur skiptastjóra frá skipun til skiptaloka. Lögð verður áhersla á þau praktísku álitæfni sem koma upp við skipti þrotabúa, hve lengi skiptastjóra er heimilt að halda eign hjá sér og samskipti við stóra kröfuhafa. Þá verður riftunarmálum gerð skil, úthlutun og lok skipta, og meðferð og ráðstöfun eigna.

Kennarar	Kristinn Bjarnason, hrl. og Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.
Staður	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími	Þriðjudagur 7. desember 2009 kl. 16:00-20:00.
Verð	Kr. 27.000,- en fyrir félaga í félagsdeild kr. 20.000,-



Litla prent

Stórt verk lítið mál

Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogur | Sími 540 1800 | prent.is

Kjarnakonur í FKL



Nokkrar hraustar sjósundkonur í Nauthólsvík.

Félag kvenna í lögmennsku hefur verið öflugt það sem af er þessu starfsári en tilgangur félagsins er að efla samstarf og styrkja stöðu kvenna í lögmennastéttinni.

Í sumar m.a. var haldið í göngu upp á Esjuna. Fjölmargar konur og einn hundur mættu til leiks og fóru létt með að komast á toppinn. Í ágústmánuði prófuðu félagskonur sjósund. Var það ógleymanleg upplifun og möguleg byrjun á sjósundfélagi LMFÍ. Nýlega var haldinn morgunverðarfundur þar sem kynnt var starfsemi FKA (Félag kvenna í atvinnurekstri). Í kjölfarið skráðu nánast allar viðstaddir sig í FKA enda kjarnakonur þar á ferð! Fjölbreytt vetrardagskrá er framundan og hvetur félagið allar konur í LMFÍ til að taka þátt. Það er markmið þessa starfsárs hjá stjórn FKL að efla, þétta og styrkja hinn góða hóp kvenna í LMFÍ. Að efla hópinn innanfrá gerir hann sterkari útávið. PHS



Örugg eyðing gagna

GAGNAEYÐING

Bæjarflöt 4 · 112 Reykjavík · Sími 568 9095 · www.gagnaeyding.is

**Þýðingar
og textaráðgjöf**

Löggiltar og almennar þýðingar,

Dóm- og skýrslutöktutulkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dóm- og skýrslutulkur og skjalapýðandi.

Brautarholti 28 · 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: ellening@simnet.is



LOGOS í hópi fyrirmyndarfyrirtækja

Síðastliðin sjö ár hefur lögmannsstofan LOGOS tekið þátt í könnun sem gerð hefur verið um fyrirtæki ársins af VR. Oftar en ekki hefur LOGOS verið í hópi þeirra fyrirtækja sem best hafa komið út í könnuninni en árið 2008 var fyrirtækið í þriðja sæti í hópi stærri fyrirtækja, 2009 í öðru sæti en 2010 í fimmta sæti. Sigríður Þorgeirsdóttir lögfræðingur er framkvæmdastjóri rekstrarviðs LOGOS og segir könnunina skipta miklu máli fyrir fyrirtækið:

„Við eyðum miklum tíma á vinnustaðnum og því skiptir máli að starfsmönnum líði vel og að andrúmsloftið sé létt.“

Hvernig kom til að þið hófuð þátttöku í könnuninni?

„Upphaflega var hún einungis fyrir félagsmenn VR en svo var hún opnuð fyrir alla starfsmenn. Við sáum þetta sem tækifæri til að fá betri innsýn inn í viðhorf allra starfsmanna til þeirra þátta sem könnunin tekur til. Við erum stöðugt að vinna í því að bæta okkur og fyrirtækið og þetta er gott innlegg í þá vinnu.“

Hvert hefur svarhlutfallið verið meðal starfsmanna?

„Að meðaltali hafa um 75% starfsmanna svarað könnuninni en við höfum svo nýtt okkur þjónustu Capacent, sem framkvæmir könnunina, til að fá ítarlegri greiningu á svörum okkar starfsmanna. Við hvetjum starfsfólk til að svara könnuninni af einlægni en hún er nafnlaus og þar af leiðandi ætti hún að endurspegla viðhorf fólksins. Einnig hvetjum við starfsmenn til að tjá sig við okkur um það sem betur má fara og það hefur tekist vel enda er þetta einstaklega sterkur og góður hópur. Það er því almennt þannig að það er fátt sem kemur á óvart í niðurstöðunum.“

Nú leggja starfsmenn mat á ákveðna þætti í vinnuumhverfi sínu í könnuninni, vinnið þið markvisst að ánægju starfsmanna?

„Já, eins og ég sagði áðan þá leggjum við uppúr því að fólki líði vel í vinnunni. Það er þó hópurinn sjálfur sem þar ræður mestu en ekki stjórnendur. Ef þú ert með gott og jákvætt fólk sem er tilbúið að leggja sig fram félagslega og faglega, það skapar góðan anda. Það er svo stjórnenda að sjá til þess að vinnu- aðstaða, í víðtækri merkingu þess orðs, sé til þess fallin að fólk geti sinnt sínu.

Við fórum í mikla stefnumótunarvinnu síðasta vetur og þar komu fram margar góðar hugmyndir sem við erum enn að vinna úr. Eitthvað af því er komið í framkvæmd, annað er í vinnslu og enn annað bíður þess að vera sett í gang.

Við leggjum árlega fyrir formlegt frammistöðumat fyrir starfsmenn. Í slíkri yfirferð er einnig farið yfir það hvernig starfsmanninum líkar hjá fyrirtækinu, hvað vel er gert og hvað má bæta. Ef traust ríkir milli starfsmanna og stjórnenda þá ætti það helsta að skila sér í slíku samtali. Vandinn hefur verið að ná að gera þetta árlega

Í vali á fyrirtæki ársins er þeim skipt upp í minni og stærri fyrirtæki. Þegar öll fyrirtæki eru skoðuð saman sést eftirfarandi:

Ár	%
2010	82% fyrirtækja með lægri heildareinkunn en LOGOS
2009	93% fyrirtækja með lægri heildareinkunn en LOGOS
2008	88% fyrirtækja með lægri heildareinkunn en LOGOS
2007	91% fyrirtækja með lægri heildareinkunn en LOGOS
2006	70% fyrirtækja með lægri heildareinkunn en LOGOS
2005	87% fyrirtækja með lægri heildareinkunn en LOGOS
2004	93% fyrirtækja með lægri heildareinkunn en LOGOS

fyrir allan hópinn en við erum vonandi að ná í skottið á okkur með það núna.“

Hvaða þætti leggið þið mest upp úr í starfsmannastefnu ykkar?

Þau fimm atriði sem eru efst á lista eru:

- A. Ánægjulegur vinnustaður
- B. Hjá LOGOS starfi besta fáanlega fólk í hverri stöðu
- C. Endurmenntun og þjálfun
- D. Virðing og traust
- E. Fjölskylduvænn vinnustaður

Vinnustaðurinn getur ekki orðið ánægjulegur nema virðing og traust ríki milli starfsmanna. Við val á fólki er

horft til faglegrar þekkingar en jafnframt er reynt að leggja mat á það hvort viðkomandi falli vel í hópinn. Það þýðir þó ekki að hópurinn sé einsleitur, langt því frá. Okkur hefur almennt séð tekist vel til í ráðningum og það hefur skilað sér í góðum starfsanda og skemmtilegum vinnustað.

Það er ljóst að við getum ekki alltaf staðið undir því að teljast fjölskylduvænn vinnustaður þar sem kröfur viðskiptavina okkar og vilji okkar til að veita framúrskarandi þjónustu samræmist ekki alltaf kröfum fjölskyldunnar en við gerum okkar besta.“

El

Í könnun VR leggja starfsmenn mat á átta lykilþætti í vinnuumhverfi sínu með því að gefa hverjum þætti einkunn á bilinu 1-5.

1. **Trúverðugleiki stjórnenda (stjórnun).** Starfsmenn leggja mat á stjórnendur fyrirtækis, stuðning, hvatningu, traust, hrós, sanngirni og til hvers sé ætlast af því.
2. **Starfsandi.** Starfsfólk leggur mat á samskipti þeirra í milli.
3. **Launakjör.** Ánægja starfsfólks með launakjör sín, sanngirni og hvort vinnuveitandi veiti betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum.
4. **Vinnuskilyrði.** Ánægja með vinnuáðstöðu, öryggi á vinnustað, tækjabúnað og aðgengi að bílastæðum.
5. **Sveigjanleiki vinnu.** Sveigjanlegur vinnutími, sumarleyfi, samræming starfs og einkalífs.
6. **Sjálfstæði í starfi.** Tök starfsfólks á starfi sínu, yfirsýn, markmið starfs skýr og áhrif starfsfólks á hvernig starf er unnið.
7. **Ímynd.** Ímynd fyrirtækis út á við, jákvæð afstaða viðskiptavina til fyrirtækis og traust til þess.
8. **Ánægja og stolt.** Ánægja með starf, stolt af fyrirtæki og að geta mælt með vinnustaðnum.



Eyrún Ingadóttir

Uppskerutími

Það hefur ekki verið nein lognmolla í starfsemi félagsdeildar í sumar fremur en endranær. Golfmótum tímabilsins lauk á glæsilegu meistaramóti í september og gönguferð ársins á Herðubreið aflýst vegna óveðurs. Í lok september fór 34 manna hópur til Tallinn í Eistlandi og Félag kvenna í lögmennsku hefur verið sérstaklega virkt. Í þessu haustblaði er bragðað á uppskeru sumarsins.

Námskeið

Undirbúningur fyrir haustið fór óvenju seint af stað en vegna umfangs hdl. námskeiðs er meiri hluti námskeiða nú haldin í nóvember. Sem fyrr reynir félagsdeild að standa fyrir fjölbreyttum námskeiðum fyrir lögmenn og starfsfólk lögmennsstofa en skipta má þeim í fjóra hluta. Mikilvægust eru faglegu námskeiðin sem hafa þann tilgang að auka færni þátttakenda á einstökum réttarsviðum. Kennarar námskeiðanna eru jafnan þeir lögmenn sem fremstir eru

meðal jafningja á viðkomandi sviði. Sex námskeið hafa nú þegar verið skipulögð á haustönn og skráning á þau hefur farið vel af stað.

Annar hluti eru námskeið sem hafa þann tilgang að veita kryddi í tilveruna. Í haust eru til að mynda auglýst námskeið með Ólafi Reyni Guðmundssyni lögfræðingi og píanóleikara sem kynnir sérvalin tónverk. Á meðan gæða þátttakendur sér á ostum og víni og verður þannig leikið við öll skynfærin.

Þriðji hluti eru námskeið sem auka almenna færni einstaklinga án þess að lögfræði komi þar við sögu, en reglulega hefur verið boðið upp á slík námskeið við misgóðar undirtektir. Nú hefur félagsdeild auglýst námskeið í samráði við Félag kvenna í lögmennsku um streitu og hvernig hægt er að nýta hana á jákvæðan hátt.

Fjórði og síðasti hluti eru svo námskeið sem skipulögð eru sérstaklega fyrir starfsfólk lögmennsstofa. Þannig

er fyrirhugað námskeið um feril innheimtumála og samskipti við greiðendur.

Gönguferð

Til stóð að 25 manna hópur gengi á Herðubreið í ágúst síðast liðinn en vegna óhagstæðs veðurs var ferðinni aflýst. Vatnavextir voru í ám, frost á fjalli og næðingur að norðan, auk þess sem vitað var að ekkert útsýni yrði fyrir ferðagarpa. Því var ákveðið að fella ferðina niður við misgóðar undirtektir þátttakenda. Drottningin er hins vegar ekkert á förum svo við reynum að boða til göngu síðar.

Fótbolti

Síðustu tvö ár hefur einungis eitt fótboltamót verið haldið innanhúss skömmu fyrir jólin. Nú er verið að athuga áhuga fótboltakappa á því að endurvekja fótboltamótið utanhúss en það mun þá verða auglýst fljótlega.

Skil fjárvörslufirlýsinga

Lögmannafélagið sendi í vor út eyðublað fjárvörslufirlýsingar til allra sjálfstætt starfandi lögmanna en frestur til að skila inn fjárvörslufirlýsingum fyrir árið 2009 rann út 1. október s.l. Þeir lögmenn sem enn hafa ekki skilað inn fjárvörslufirlýsingum eru hvattir til að gera það án frekari dráttar.

BREYTING Á FÉLAGATALI

Ný málflytningaréttindi
fyrir Hæstarétti Íslands

**Guðmundur Ómar
Hafsteinsson hrl.**
Lögmannsstofan Fortis
Laugavegi 7
101 Reykjavík
Sími: 520-5800

Ingmar Ingimarsson hrl.
Lögmannsstofa Ingimars
Ingimarssonar
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 553-1910

Ný málflytningaréttindi
fyrir héraðsdómi

**Sigríður Dagmar
Jóhannsdóttir hdl.**
Megin lögmannsstofa ehf.
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 520-4100

Helgi Pétur Magnússon hdl.
Virtus
Laugavegi 178
101 Reykjavík
Sími: 847-0278

Björn Jakob Björnsson hdl.
SMÍ ehf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 897-0848

Hilda Valdimarsdóttir hdl.
Slitastjórn Glitnis banka
Sóltúni 24
105 Reykjavík
Sími: 844-2597

Jónas Friðrik Jónsson hdl.
Ráðgjöf og kennsla
Skeifunni 11
108 Reykjavík
Sími: 550-4505

Gunnar Egill Egilsson hdl.
Nordik Legal slf
Suðurlandsbraut 18
104 Reykjavík
Sími: 522-5202

Bjarki Sigursveinsson hdl.
Tax lögfræði- og
viðskiptaþjónusta
Drekagili 11
603 Akureyri
Sími: 821-5644

Nýr vinnustaður

**Jóhannes Rúnar
Jóhannsson hrl.**
JP lögmennt
Höfðatorg, 16.hæð
105 Reykjavík
Sími: 588-5200

**Ragnheiður Snorradóttir
hdl.**
Lex ehf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 590-2600

Anna Dóra Helgadóttir hdl.
Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík
Sími: 569-9600

Soffía Guðný Jónsdóttir hdl.
Embætti ríkislögmanns
Hverfisgötu 4-6
150 Reykjavík
Sími: 545-8490

**Pórólfur Heiðar
Þorsteinsson hdl.**
BBA Legal
Höfðatorgi, 18.hæð
105 Reykjavík
Sími: 550-0519

Ingibjörg Halldórsdóttir hdl.
Háskóli Íslands
Sæmundargötu 2
101 Reykjavík
Sími: 525-4000
Sölvi Sölvason hdl.
Jónsson & Harðarson ehf.
Suðurlandsbraut 22, 5.hæð
108 Reykjavík
Sími: 511-1536

Guðrún Bergsteindóttir
LOCAL lögmennt ehf.
Hallveigarstaði
Túngötu 14
101 Reykjavík

Leifur Runólfsson hdl.
RG Lögmennt ehf.
Bæjarhrauni 2
220 Hafnarfjörður
Sími: 550-4060

Magnús Óskarsson hdl.
MP banki
Ármúla 13a
108 Reykjavík
Sími: 540-3200

Einar Páll Tamimi hdl.
Nordik - Legal Services
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 522-5200

Nýtt aðsetur

Ólafur Kristinsson hdl.
KE legal
Lágmúla 9, 7.hæð
108 Reykjavík
Sími: 512-6505

Landslög lögfræðistofa
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Sími: 520-2900

Eiríkur S. Svavarsson hdl.
Draupnir lögmannsþjónusta
Laugavegi 182, 2.hæð
105 Reykjavík
Sími: 415-0150

Guðrún Björk Bjarnadóttir
STEF
Laufásvegi 40
101 Reykjavík
Sími: 561-6173

BBA
BBA // LEGAL

Höfðatún 2 // 105 Reykjavík // bbalegal.com
23 Berkeley Square // London W1J 6HE // bbalegal.co.uk



Tilbúnir í slaginn á fyrsta teig. F.v. Benedikt Sveinsson, Eyjólfur Á. Kristjánsson, Stefán Pálsson og Karl Ó. Karlsson.



Þrjár kvenkyllingar mættu til leiks að þessu sinni og skemmtu sér konunglega í góðum félagsskap. F.v. Guðfinna Þórsdóttir, Tinna Ósk Óskarsdóttir og Guðmundína Ragnarsdóttir.

Golfsumar í mót- og meðvindi

I. Minningarmót

Minningarmót LMFÍ 2010 um Guðmund Markússon hrl. og Ólaf Axelsson hrl. fór fram hinn 25. júní sl. á Leirdalsvelli hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar. Alls tóku 23 golfarar úr lögfræðingastétt þátt í mótinu. Aðstæður til golfiðkunar voru ágætir þennan dag en mikið skýfall setti þó nokkurt strik í reikning sumra þátttakenda á lokaholunum. Venju

samkvæmt var um punktkeppni að ræða, með og án forgjafar.

Úrslit urðu þessi:

A. Í keppni um Guðmundarbikarinn (án forgjafar):

1. Hjalti Pálmason (35 punktar).
2. Árni Gestsson (27 punktar).
3. Páll Eiríksson (26 punktar).

B. Í keppni um Óla Axels bikarinn (með forgjöf):

1. Hjalti Pálmason (36 punktar).*
2. Bogi Nilsson (36 punktar).*
3. Páll Eiríksson (34 punktar).

*Par sem Hjalti og Bogi voru með jafnmarga punkta eftir 18 holur réði punktafjöldi á síðari 9 holum úrslitum.



Gunnar Þór Ásgeirsson vann sigur í mótinu og tekur hér við verðlaunum úr hendi Hauks Arnar Birgissonar, mótstjóra.

Hjalti var þar með 18 punkta, en Bogi 16 punkta.

Fjórleikur við lækna

Þann 29. maí mætti afar sterkt lið 20 lögmanna liði lækna í tvíliðaleik en þeir áttu harma að hefna frá fyrra ári. Þeir komu einbeittir til leiks og til marks um það má geta þess að keppnin fór fram á sama tíma og leikur Þýskalands og Englands í HM í fótbolta. Veður var gott og völlumurinn kom afar vel undan eldgosi. Ekki var laust við að keppendur myndu til smæðar sinnar í nálægð eldfjallsins. Úrslit urðu þau að lögmenn lögðu lækna að velli örugglega með 6,5 vinningi á móti 3,5. Til stóð að keppa einnig í fjórleik við endurskoðendur og tannlækna en ekki varð af því að þessu sinni.

Meistaramót lögmanna

Meistaramót lögmanna fór fram á Leirdalsvelli hjá Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar þann 8. september síðastliðinn. Þrjátíu kylfingar skráðu sig til leiks og léku við ágætis aðstæður þrátt fyrir að mótvindur stríddi mönnum á fyrri helmingi vallarins. Að venju var leikinn höggleikur með og án forgjafar og voru verðlaun veitt fyrir þrjú efstu sætin í hvorum flokki. Gunnar Þór Ásgeirsson lék óaðfínanlega og sigraði nokkuð örugglega í báðum flokkum. Mun hann því bera titilinn Meistari lögmanna næsta árið. Úrslit urðu annars þessi:

Án forgjafar

1. sæti – Gunnar Þór Ásgeirsson
75 högg

2. sæti – Ármann Fr. Ármannsson
80 högg
3. sæti – Haukur Örn Birgisson
82 högg

Með forgjöf

1. sæti – Gunnar Þór Ásgeirsson
70 högg
2. sæti – Gunnar Viðar
72 högg
3. sæti – Ásgeir Eiríksson
75 högg

Nefndin vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem tóku þátt í golfmótum sumarsins og hlakkar til að sjá alla aftur á næsta ári.

*Með kveðju,
Sjálfskipuð golfnefnd LMFÍ*

Úr myndasafni

Nú gengr maðr til leiks ...

Vorið 1995 var í fyrsta skipti haldið knattspyrnumót á vegum LMFÍ. Fyrir því stóðu ungir og uppnennandi lögmenn, fráir á fæti og léttir í lund. Þeir fengu Þórunni Guðmundsdóttur hrl., formann félagsins, til að vera verndara mótsins sem hún gerði af góðmennsku. Þar sem kappsamir lögmenn voru vanari að takast á í réttarsalnum en íþróttasalnum var ákveðið að útbúa reglur fyrir mótin. Í þeim var til dæmis bannað að gefa þung högg undir kjálkastað og yngri og léttari leikmönnum bar að sýna eldri og þyngri leikmönnum tilhlýðilega virðingu. Ákvæði 13. kap. Jónsbókar um váðaverk giltu einnig á mótunum en þar segir: „Nú gengr maðr til leiks, fangs eða skinnþráttar at vilja sínum, þá ábyrgist hann sik sjálfr at öllu, þó at hann fái mein eða skaða af ...“.

Jafnframt var stofnuð kærunefnd sem kennd var við Þórunni og Marteín Mássón sem var framkvæmdastjóri félagsins á þessum tíma. Kærunefnd Teina og Tótu starfar enn þann dag í dag. Þess má geta að hún hefur aldrei þurft að koma saman enda sýna lögmenn félögum sínum vinsemd og virðingu í hvívetna innan salar sem utan.

EI



Frá vinstri: Tómas Jónsson hrl., Þórunn Guðmundsdóttir hrl., Smári Hilmarsson hdl., Guðmundur B. Ólafsson hrl. og Þórður Heimir Sveinsson hdl.



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.

T
C
M TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is